

Útikennsla

Kennarar: Birgitta Sveinsdóttir; Helga Sjöfn Pétursdóttir

1, 2, 3

Lýsing

Í útikennslu fer kennsla fram utandyrá í nærumhverfi skólans. Farnar eru skapandi leiðir í kennslu á námsefni í samfélags og náttúrugreinum. Einnig flytjum við verkefni í íslensku og stærðfræði út fyrir skólastofuna og vinnum á fjölbreyttan hátt.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Farið er út einu sinni í viku 80 mínútur í seinn. Kennslustundin byrjar alltaf á því að hittast í hring á skólalóðinni og endar eins. Farið er í mislangar ferðir í nágrenni við skólann og unnin fjölbreytt verkefni, árstíðabundin verkefni ásamt því að tengja verkefnið því sem unnið er í skólastofunni. Fastur liður í kennslustundinni er að taka með sér heitan eða kaldan drykk.

Námsaðlögun

Hver og einn nemandi fær að njóta sín á eigin forsendum.

Námsmat

Námsmat er að miklu leyti á formi símats. Vinna í kennslustundum er metin sem og verkefni nemenda. Litlar kannanir eru gerðar af og til yfir skólaárið. Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum. Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

VS Útikennsla 1.-4. b

- Hæfnieinkunn
-
- Geti útskýrt muninn á árstíðabundnu náttúrufari.
- Sýnir að hann geti verið leiðtogi í smærri hóp og miðlað málum.
-
- Læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og komið auga á þarfir og vandamál.
- Sýnir getu til að hjálpa samnemendum með úrlausn verkefna.
- Getur útbúið kort af nærumhverfinu eftir að hafa kannað svæðið (áhersla á stærðarhlutföll og staðsetningar mannvirkja).
- Kunni skil á mikilvægi endurvinnslu og geti flokkað úrgang.
- Fylgir fyrirmælum starfsfólks.